

Sjöundi fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Árið 2019, föstudaginn 25. október kl 18.00 kom Lýðheilsu og æskulýðsnefnd saman til fundar í Ráðhúsinu á Flúðum.

7. fundur kjörtímabilsins 2018 – 2022.

Mættir til fundar: Guðríður Eva Þórarinnsdóttir formaður, Sigfríð Lárusdóttir ritari, Heimir Sigurðsson nefndarmaður, Jón Valgeirsson sveitarstjóri.

1. Sveitastjóri kynnr fjárhagsáætlun ýtarlega fyrir nefndarmönnum.

- a. Nefndin vill að hærri framlög verði til sundlaugar svo hægt sé að auka opnunartíma hennar líkt og nefndin hefur lagt til áður. Það er í samræmi við stefnu heilsueflandi samfélags og ætti þá sundlaugin að geta þjónað enn fleiri íbúum til heilsubóta.
 - i. 3x í viku opnað 6.30 – 8.30, nýta húsvörð í íþróttahúsi og svo aftur seinnipartinn frá 17.00/18.00 – 21.00
 - ii. 2x í viku kl 16.00 – 21.00
 - iii. Óbreyttur opnunartími um helgar.

2. Sveitastjóri kynnr verðhækkanir í tækjasal, íþróttahúsi og sundlaug

- a. Nefndin setur út á nokkrar verðhækkanir og leggur eftirfarandi til
 - i. Börn 10 ára og yngri fái frítt í sund eða uppað þeim aldri sem þau mega mæta sjálf í sundlaugina. Mörg sveitafélög setja gjaldskrá sína þannig upp og ættum við að fara eftir því fordæmi og styðja við foreldra að fara með börn sín í sund. (Spurning hvort við ættum að leggja til að frítt sé í sund fyrir börn innan Hrunamannahrepps líkt og Árborg gerir og annars borgi börn frá 6 ára aldri ?)
 - ii. Gjaldliðurinn annað í sundlauginni má hækka. T.d. stakt skipti í sturtu fari uppí 500 kr. , en aðrir liðir hækki um eðlilegar hækkanir 2,2%.
 - iii. Að undir árskort í tækjasal og sundlaug falli líka tímar í íþróttasal líkt og í oldboys bolta, það hvetur sveitunga til að kaupa sér árskort og nýta sér aðra aðstöðu líka sem kortið býður uppá.
 - iv. Breyta nafni á gjaldlið í tækjasal þar sem stendur 5 – 66 ára og færa neðri mörkin uppí 13 ára aldur.

Fundi slitið kl 19.20